

**52** Reglugjörð þessi sem 14. júní f. á. var sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 14. júní 1915, um rafmagnsveitur er hjermeð birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

## Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 14. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

**Þóddur Hermannsson.**

*Vígfús Einarsson.*

**53**  
14. júní

# Gjaldskrá

## fyrir notkun rafmagns í Húsavíkarkauptúni.

1. gr.

Verð á rafmagnsstraumi til ljósa í íbúðarhúsum, samkomuhúsum, skólum, búðum, skrifstofum, verksmiðjum og öðrum húsum, sem ekki eru sjerstaklega tiltekin í gjaldskránni, er um straumtakmarkara fyrir árið:

Fyrir 50 watt	kr.:	25,00
— 75 — —		37,00
— 100 — —		49,00
— 150 — —		72,00
— 200 — —		93,00
— 250 — —		112,00
— 300 — —		129,00

og svo 17 kr. fyrir hver 50 watt úr því.

Til suðu og hitunar svo og til vjela í verksmiðjum eða annarstaðar ákveður hreppsnefndi nverðið fyrir hverja kilowattstund eftir atvikum, þó ekki hærra en 20 aura. Til lýsingar á bryggjum og til annara utanhúsljósa einstakra manna og fjelaga; í sjóbúðum án fastrar íbúðar, í geymsluhúsum, sem enginn íbúð er í, fer um gjaldið eftir samningi við hreppsnefnd.

Gjaldið fyrir straum um takmarkara er hreppsnefndinni þó heimilt að hækka eða lækka um alt að 20 % frá því sem það er sett hjer að framan, og fyrir götuljós og ljós til húseigna hreppsins, ákveður hreppsnefndin sjálf gjaldið.

2. gr.

Leiga eftir straumtakmarkara er á ári kr. 2,00, þar sem ekki er notaður meiri straumur en 50 watt í húsi, ella kr. 4,00. Leiga eftir mæli er kr. 10,00 árlega.

3. gr.

Reikningsár rafstöðvarinnar er fardagaár eða frá 1. júní til 31. maí.

Gjaldið greiðist tvisvar á ári; annar helmingur gjaldsins fyrir 31. dás., en hinn fyrir 30. apríl. Þar sem straumtakmarkari er notaður, er  $\frac{1}{2}$  hluti greiddur í hvert skipti.

Hafi gjaldandi árangurslaust verið krafinn og ekki greitt gjaldið 15 dögum eftir **53** gjalddaga, er stöðinni heimilt að slíta sambandi við hlutaðeiganda, eftir skriflega tilkynningu 14. júní til hans.

Taka má gjaldið lögtaki. Gjaldið greiðist til þess manns, er hreppsnefndin felur innhelmtuna. Húsráðandi eða straumnotandi sá, er hefir takmarkara eða mæli fyrir sig, greiðir gjaldið.

Gjaldskrá þessi sem 14 júní f. á. var sett samkvæmt lögum nr. 51, 3 nóvember 1915 um rafmagnsveitur, er hjermeð birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

## **Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 14. júní 1920.**

Í fjarveru ráðherrans.

**Öddur Hermannsson.**

*Vigfús Einarsson.*

# **Auglýsing**

**54**  
15. júní

## **um staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.**

Samkvæmt lögum nr. 1, 1. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina er hjermeð staðfest eftirrituð

## **lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.**

### I. kafli.

Um reglu og velsæmi á almannafæri

#### 1. gr.

A almannafæri mega uppbot eða óspektir ekki eiga sjer stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sje fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvöllir, sölutorg, bryggjur, bólvirki, o. s. frv.

#### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarstaðar, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til að varðveita góða reglu.